

2013:3 • 12. mars 2013

## Fjármál hins opinbera 2012, bráðabirgðauppgjör

*General government finances 2012, preliminary accounts*

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 58 milljarða króna árið 2012 eða 3,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 91 milljarð króna árið 2011 eða 5,6% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 735 milljörðum króna og hækkuðu um 55 milljarða króna milli ára eða um 8%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43% samanborið við 42% árið 2011. Útgjöld hins opinbera voru 794 milljarðar króna og jukust um 22 milljarða króna milli ára eða 2,9% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði úr 47% af landsframleiðslu 2011 í 46% 2012.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 152 milljarðar króna 2012 eða 8,9% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 122,5 milljarðar króna en hlutur heimila um 30 milljarðar eða 19,6%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 382 þúsundum króna og drögust saman um 12 þúsund krónur milli ára, en frá árinu 2008 hafa þau lækkað um 34 þúsund krónur á mann á verðlagi 2012 eða 8,4%. Á árunum 2002 til 2008 voru þau svipuð á föstu verði eða á bilinu 425-440 þúsund krónur á verðlagi 2012.

Til fræðslumála var ráðstafað 135 milljörðum króna 2012 eða 7,9% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera um 121,8 milljarðar króna og hlutur heimilanna rúmlega 13,2 milljarðar króna eða 9,8%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 380 þúsund krónum og hafa þau lækkað um 37 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2012 eða um rúm 11%.

### Inngangur

*Fjármál hins opinbera eru í  
brenniddepri í þessu riti*

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum.




*Hið opinbera takmarkast við  
A-hluta ríkissjóðs, A-hluta  
sveitarfélaga og  
almannatryggingar*

## Umfang hins opinbera

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þröngr skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2012**

*Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2012*




Árið 2012 runnu 72,1% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,7% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Af tekjum ríkissjóðs runnu 34,9% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 162,4 milljarðar króna til almannatrygginga og 22,8 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 19,6% eða 151,3 milljarðar króna, sveitarfélaga 29,8% eða 230,3 milljarðar króna, og ríkissjóðs 50,6% eða 391,2 milljarður króna.

## Afkoma hins opinbera

*Tekjuhalli hins opinbera nam  
3,4% af landsframleiðslu 2012  
samанбориð við 5,6% 2011*

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð 58,5 milljarða króna árið 2012 eða sem nemur 3,4% af landsframleiðslu og tæp 8% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 91,1 milljarða króna árið 2011 eða 10,1% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2012 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur jukust um 45,9 milljarð króna milli ára en aðrar tekjur jukust um 8,7 milljarða króna. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 22,1 milljarð króna milli ára. Þar af vógu þyngst launakostnaður sem jókst um riflega 16,5 milljarða króna og vaxtagjöld sem jukust um 7,1 milljarð milli ára. Á móti þessari útgjaldaaukningu drögust félagslegar tilfærslur til heimila saman um 2,4 milljarða króna.

**Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP*



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2012 er áætlaður tekjuhalli ríkissjóðs um 60 milljarðar króna eða 3,5% af landsframleiðslu, samanborið við um 92,6 milljarða króna 2011 eða 5,7% af landsframleiðslu.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2006–2012**

*Table 1. General government finances 2006–2012*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,7	735,4
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	771,8	793,9
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	73,8	70,7	-200,2	-149,0	-154,6	-91,1	-58,5
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	48,0	47,9	44,1	41,0	41,5	41,7	43,1
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	41,7	42,5	57,7	51,0	51,6	47,3	46,5
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	6,3	5,4	-13,5	-9,9	-10,1	-5,6	-3,4
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	5,3	3,9	-12,9	-8,3	-9,4	-5,7	-3,5
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	0,3	0,6	-0,9	-1,0	-0,8	-0,3	-0,3
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,7	0,9	0,3	-0,7	0,1	0,4	0,4

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuhalli sveitarfélaga var um 5 milljarðar króna 2012 álika og árið 2011

Áætlaður tekjuhalli sveitarfélaga árið 2012 er 4,8 milljarðar króna eða 0,3% af landsframleiðslu og 2,1% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli þeirra 4,8 milljarðar króna árið 2011 eða 0,3% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaganna hækkuðu um 12,6 milljarða króna milli ára og aðrar tekjur lækkuðu um rúmlega 600 milljónir króna króna, þar sem fjárfamlög frá ríkissjóði drógst saman um tæpan 1,5 milljarð króna.

### Tekjur hins opinbera


Tekjur hins opinbera námu 43,1% af landsframleiðslu árið 2012 og hækkuðu um 8% milli ára.

Tekjur hins opinbera námu um 735,4 milljörðum króna árið 2012 og hækkuðu um 54,7 milljarða króna milli ára eða 8%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43,1% samanborið við 41,7% 2011 og 41,5% árið 2010. Hæstar mældust

tekjur hins opinbera árin 2006 og 2007 eða um 48% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu úr 30,4% af landsframleiðslu 2011 í 31,5% 2012 og tekjur sveitarfélaga hækkuðu lítillega eða úr 13,2% af landsframleiðslu í 13,3%. Tekjur almannatrygginga námu 9,6% af landsframleiðslu árið 2012 og lækkuðu um 0,2 prósentustig milli ára.

### **Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**

*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2006–2012**

*Table 2. General government total revenue 2006–2012*

Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,7	735,4
Ríkissjóður <i>Central government</i>	412,8	454,6	476,9	447,4	470,8	495,8	537,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	214,7	227,0
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	90,8	103,3	113,2	133,6	142,9	160,4	163,9
<b>Hlutfall af VLF Per cent of GDP</b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	48,0	47,9	44,1	41,0	41,5	41,7	43,1
Ríkissjóður <i>Central government</i>	35,3	34,7	32,2	29,9	30,7	30,4	31,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,8	14,2	13,1	12,6	12,5	13,2	13,3
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,8	7,9	7,6	8,9	9,3	9,8	9,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 630 milljörðum króna 2012 eða 36,9% af landsframleiðslu*


Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur, tryggingagjöld, fjárfamlög og aðrar tekjur, sem skiliðu hinu opinbera tæpum 630 milljörðum króna árið 2012 eða 85,6% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 35,8% af landsframleiðslu árið 2011 í 36,9% árið 2012, en hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 41,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, hafa aukist milli ára. Árið 2012 skiliðu þær hinu opinbera um 102,2 milljörðum króna eða tæpum 6% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 5,7% árið 2011.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2006–2012***Table 3. General government main income types 2006–2012*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,7	735,4
Skatttekjur <i>Taxes</i>	445,4	490,5	500,8	459,9	474,1	517,8	563,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	38,4	39,6	41,6	45,9	63,6	66,8	65,9
Fjárfamlög <i>Grants</i>	1,4	1,1	1,5	2,2	2,4	2,9	3,5
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	75,2	92,6	109,6	106,3	97,2	93,1	102,2
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	48,0	47,9	44,1	41,0	41,5	41,7	43,1
Skatttekjur <i>Taxes</i>	38,1	37,7	33,8	30,7	30,9	31,7	33,0
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,3	3,0	2,8	3,1	4,1	4,1	3,9
Fjárfamlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,4	7,1	7,4	7,1	6,3	5,7	6,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera ríflaga 289 milljörðum króna árið 2012 (sjá töflur 5 og 18) eða um 51,3% skatttekna og 16,9% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 212 milljörðum króna eða 33,7% þessara tekna og um 12,4% af landsframleiðslu. Þær af gaf virðisaukaskatturinn rúmlega 140,7 milljarða króna eða 8,2% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP*

Eignaskattar hins opinbera námu 40,2 milljörðum króna árið 2012 (2,4% af landsframleiðslu) og vógu fasteignaskattar þær þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera um 28,4 milljörðum króna það ár sem er nánast óbreytt fjárhæð frá 2011.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 7,6 milljörðum króna á árinu 2012 eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru ríflaga 102 milljarðar króna árið 2012. Þær jukust um 8 milljarða króna milli ára sem skýrist m.a. af hækkun veiðigjalds árið 2012.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2006–2012**

Table 4. General government taxes and social contributions 2006–2012

Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Skattar og tr.gjöld Taxes and social contrib.	41,4	40,5	36,6	33,8	35,0	35,8	36,9
Skattar á tekjur og hagnað Taxes on income	18,3	18,4	17,8	16,0	15,6	16,3	16,9
Skattar á launagreiðslur Taxes on payroll	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,3
Eignaskattar Taxes on property	2,1	2,4	2,2	2,1	2,3	2,3	2,4
Skattar á vöru og þjónustu Taxes on G&S	17,2	16,0	13,2	11,7	12,0	12,0	12,4
Skattar á alþ.viðskipti Taxes on intern. trade	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar Other taxes	0,1	0,1	0,1	0,4	0,4	0,4	0,5
Tryggingagjöld Social contributions	3,3	3,0	2,8	3,1	4,1	4,1	3,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2006–2012**

Table 5. The general government tax on income and profits 2006–2012

Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Tekjuskattar Taxes on income and profits	213,6	241,4	263,5	239,9	239,7	266,8	289,2
Tekjusk. einstakl. Individual income tax	163,3	180,1	195,6	192,3	197,3	220,6	240,5
Tekjusk. lögaðila Corporate income tax	28,1	32,6	28,5	26,5	14,6	29,5	35,9
Fjárm.tekjusk. Tax on interest & cap. gains	22,3	28,8	39,3	21,1	27,7	16,8	12,8
Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Tekjuskattar Taxes on income and profits	18,29	18,55	17,80	16,02	15,60	16,35	16,93
Tekjusk. einstakl. Individual income tax	13,98	13,84	13,22	12,84	12,85	13,52	14,08
Tekjusk. lögaðila Corporate income tax	2,40	2,50	1,92	1,77	0,95	1,81	2,10
Fjárm.tekjusk. Tax on interest & cap. gains	1,91	2,21	2,66	1,41	1,81	1,03	0,75

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

## Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera jukust en sem hlutfall af landsframleiðslu minnkuðu þau

Útgjöld hins opinbera eru áætluð um 794 milljarðar króna árið 2012 og jukust um 22 milljarða króna milli ára. Prátt fyrir aukningu lækkaði hlutfall útgjalda af landsframleiðslu úr 47,3% 2011 í 46,5% 2012. Launakostnaður jókst um 16,5 milljarða eða 7% og vaxtakostnaður um 7,1 milljarð eða 8,5%.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2006–2012**

Table 6. The general government expenditure 2006–2012

Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Hið opinbera General government	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	771,8	793,9
Ríkissjóður Central government	350,9	403,2	668,6	571,1	614,4	588,4	597,6
Sveitarfélög Local governments	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	219,4	231,5
Almannatryggingar Social security funds	82,7	92,0	108,8	144,1	141,0	154,2	157,5
Í milljörðum króna In billion ISK	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Hið opinbera General government	41,7	42,5	57,7	51,0	51,6	47,3	46,5
Ríkissjóður Central government	30,0	31,0	45,2	38,1	40,0	36,1	35,0
Sveitarfélög Local governments	13,5	13,6	13,9	13,6	13,4	13,4	13,6
Almannatryggingar Social security funds	7,1	7,1	7,3	9,6	9,2	9,4	9,2


<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um rúma 9 milljarða eða aðeins um 1,6% milli ára en útgjöld sveitarfélaganna um riflega 12 milljarða króna milli ára eða 5,5%. Útgjöld almannatrygginga hækkuðu um rúmlega 3 milljarða eða 2,2% en heildarútgjöld almannatrygginga 2011 námu um 157,5 milljörðum króna eða 9,2% af landsframleiðslu.

Síðustu ár hafa verið fjárhag hins opinbera þung í skauti og berst ríkissjóður enn við afleiðingar hrunsins. Í bráðabirgðaniðurstöðum fyrir árið 2012 er áætlað 13 milljarða framlag úr ríkissjóði til að mæta neikvæðri eiginfjárstöðu Íbúðaláanasjóðs. Þenn ríkir nokkur óvissa um stöðu sjóðsins. Ef veruleg frávik verða frá þessu mati verða áætlanir um afkomu ríkissjóðs og hins opinbera tekna til endurskoðunar.

Í uppgjöri ársins 2011 eru 19,2 milljarða útgjöld vegna áfallinna ríkisábyrgða, í uppgjöri 2010 60 milljarða útgjöld vegna 33 milljarða framlags til Íbúðaláanasjóðs og 27 milljarða áfallinna ríkisábyrgða.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vörum og þjónustu, námu tæpum 436 milljörðum króna árið 2012 eða sem svarar 25,5% af landsframleiðslu. Þau jukust um tæplega 22 milljarða króna milli ára en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau nánast óbreytt. Launaútgjöldin námu 253 milljörðum króna, kaup á vörum og þjónustu um 196 milljörðum króna og afskriftir 37 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vörum og þjónustu að fjárhæð 56 milljarða króna.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust lítillega á árinu 2012, en þau námu 31,4 milljörðum króna og jukust um tæplega 2 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau nánast óbreytt, u.þ.b 1,8%.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjaldla hins opinbera 2006–2012**  
 Table 7. *The general government expenditure by economic type 2006–2012*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	41,7	42,3	57,7	51,0	51,6	47,3	46,5
Laun <i>Wages and salaries</i>	15,3	14,8	14,6	15,0	14,8	14,5	14,8
Kaup á vörum og þjónum. <i>Use of goods &amp; services</i>	10,6	10,8	11,6	12,5	12,2	11,7	11,4
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	2,2	2,6	3,3	6,6	5,5	5,2	5,3
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	1,7	1,8	1,8	1,9	1,8	1,8	1,7
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	5,7	5,8	6,1	8,1	7,9	8,5	8,0
Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i>	2,1	2,2	15,5	3,0	6,2	3,5	3,1
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	3,9	4,2	4,5	3,5	2,9	1,8	1,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárfamlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 222 milljörðum króna árið 2012 eða tæpum 14% af landsframleiðslu. Minnkuð þau um tæplega 8 milljarða króna milli ára en aðeins um tæpan milljarð að teknu tilliti til 19 milljarða áfallinna ríkisábyrgða vegna SpKef 2011 og áætlunar um 13 milljarða framlag til Íbúðaláanasjóðs 2012.


Vaxtagjöld hins opinbera námu um 91 milljarði króna 2012 eða 5,3 % af landsframleiðslu

Vaxtaútgjöld hins opinbera eru aftur að aukast eftir að hafa dregist saman árin 2010 og 2011. Þau voru rúmir 91 milljarður árið 2012, jukust um 7 milljarða eða 8,5% milli ára. Vaxtabyrðin hjá ríkissjóði hefur þyngst en vaxtaútgjöld sveitarfélaganna drögust lítillega saman. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 5,3% árið 2012 og sem hlutfall af tekjum 12,4% og eru þau hlutföll nánast óbreytt milli ára.

Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem námu um 136 milljörðum króna árið 2012, drögust saman um riflega 2 milljarða króna milli ára og önnur tilfærslu-útgjöld um riflega 4 milljarða.

## **Mynd 6. Þrír stærstu málflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF**

*Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP*



*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera  
námu 7,2% af landsframleiðslu  
árið 2012*

## Heilbrigðismál

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2012 námu 122,5 milljörðum króna<sup>1</sup> eða 7,2% af landsframleiðslu. Þau jukust um tæpa 4 milljarða milli ára en drögust lítillega saman sem hlutfall af landsframleiðslu. Á þennan mælikvarða hafa þau ekki mælst lægri í hálfan annan áratug. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2012 fóru um 15,4% til heilbrigðismála.

**Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2006–2012**

*Table 8. The general government expenditure on health 2006–2012*

Slutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i> <sup>2</sup>	7,5	7,5	7,5	7,9	7,4	7,3	7,2
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,7	0,7	0,8	0,9	0,8	0,8	0,7
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,4	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4
3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i>	5,1	5,2	5,1	5,3	4,9	4,8	4,8
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 22 í töfluviðauka. Árið 2012 var 4,8% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsaþjónustu eða 82,1 milljörðum króna og nam lækkunin milli ára 3,2 milljörðum króna. Milli áranna 2011 og 2012 jukust útgjöld til sjúkrastofnana um 4,0% en útgjöld vegna þjónustu við ferlisjúklinga um 3,4%. Að raungildi á mann drögust útgjöld til sjúkrahúsastofnana saman um 2,4%, vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa um 7,3% og um 3,0% vegna þjónustu við ferlisjúklinga.

Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 67%. Til þjónustu við ferlisjúklinga, þar sem þyngst vega almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, runnu um 23,8 milljarðar króna árið 2012 sem er um 1,4% af landsframleiðslu eða rúmlega 19% af heilbrigðisútgjöldum. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 12,3 milljarðar króna, sem nemur um 10% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða um 0,7% af landsframleiðslu.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2012**

Table 9. The expenditure on health 1998–2012

	Hlutfall af landsframleiðslu Per cent of GDP			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Heilbr.útgj.- staðvirt <sup>1</sup> Health exp. in fixed prices <sup>1</sup>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann <sup>1</sup> Health exp. per capita <sup>1</sup>
	Hið opinb. General govern.	Heimili House- holds	Samtals Total			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,2	107,8
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	109,8	107,0
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	112,3	107,8
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	119,3	113,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	120,5	114,1
2004	8,04	1,86	9,89	18,8	121,1	113,3
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	121,8	112,8
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	123,9	111,5
2007	7,54	1,60	9,14	17,5	129,8	114,1
2008	7,56	1,59	9,15	17,4	133,3	114,3
2009	7,90	1,74	9,64	18,0	129,0	110,6
2010	7,46	1,82	9,28	19,6	122,3	105,3
2011	7,26	1,77	9,03	19,6	123,4	105,9
2012	7,17	1,75	8,92	19,6	120,9	103,2

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísítolu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption., Volume index 1998=100.*

Í töflu 22 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru riflega 391 þúsund krónur á mann 2012 og lækkuðu um 12 þúsund krónur milli ára en frá árinu 2008 hafa þau lækkað um 34 þúsund krónur á mann á verðlagi 2012 eða um 8,2%. Á árunum 2002 til 2008 voru þau aftur á móti svipuð á föstu verði eða á bilinu 427–439 þúsund krónur á verðlagi 2012. Á árinu 2012 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 256 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu rúm 74 þúsund og vegna lyfja og hjálpartækja rúmlega 38 þúsund krónur á mann.

152 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2012, eða 8,9% af landsframleiðslu

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2012, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2012 nam heilbrigðiskostnaður 152 milljörðum króna eða 8,9% af landsframleiðslu. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 20% útgjaldanna árið 2012 voru fjármagnuð af heimilunum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nær 21% frá árinu 1998 en útgjöld á mann hafa hækkað um 3,2% á sama tíma.

## Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 122 milljörðum króna á árinu 2012, eða 7,1% af landsframleiðslu (sjá töflu 10). Tæplega helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins eða um 56 milljarðar króna og nam hækjunin milli ára um 1,6 milljörðum króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera tæplega 25 milljarðar króna eða 1,5% af landsframleiðslu sem er hækjun um 1,7 milljarða króna milli ára og eru útgjöld til þessa skólastigs nánast jöfn að krónutölum og árið

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðslujónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

2010. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða um 22 milljarða króna og hækkuðu útgjöldin um 1,9 milljarða króna frá 2011. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 11,6 milljörðum króna 2012 og hækkuðu um 0,3 milljarða króna milli ára. Að raungildi á mann drögust útgjöld til leik- og grunnskóla saman um 2,9%, til unglings- og framhaldsskólastigs jukust þau um 0,1% og til háskólastigsins jukust útgjöldin um 1,1%. Afgangurinn, 5,4% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunarkostnað. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2012 fara um 15,3% til fræðslumála. Að raungildi á mann drögust útgjöld til leik- og grunnskóla saman um 2,9%, til unglings- og framhaldsskólastigs jukust þau um 0,1% og til háskólastigsins jukust útgjöldin um 1,1%.

### Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2006–2012

Table 10. The general government expenditure on education 2006–2012

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Fræðsluútgjöld alls <i>Expenditure on education<sup>2</sup></i>	7,5	7,4	7,6	7,8	7,6	7,1	7,1
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,6	0,7	0,7	0,8	0,7	0,7	0,7
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,8	3,6	3,6	3,7	3,5	3,4	3,3
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,4	1,3	1,3	1,4	1,3	1,2	1,3
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,4	1,4	1,5	1,6	1,6	1,4	1,5
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,24	0,18	0,15	0,13	0,14	0,15	0,12

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðslupj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

### Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2012

Table 11. The expenditure on education 1998–2012

Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>	Hlutfall af heimila af heild HH % of totals			Fræðslu.útgj.- staðvirt <sup>1</sup>	Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann <sup>1</sup>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili House- holds	Samtals <i>Total</i>	<i>Edu. exp.</i> in fixed prices <sup>1</sup>	<i>Edu. exp.</i> per capita <sup>1</sup>
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,8
2004	7,47	0,85	8,32	10,2	127,7
2005	7,59	0,84	8,43	9,9	136,2
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6
2007	7,36	0,77	8,13	9,5	145,0
2008	7,56	0,71	8,27	8,6	151,6
2009	7,81	0,74	8,55	8,7	144,9
2010	7,60	0,75	8,35	9,0	139,7
2011	7,13	0,74	7,87	9,4	134,4
2012	7,13	0,77	7,90	9,8	133,9

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneysslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100*

Í töflu 23 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru um 380 þúsund krónur á mann árið 2012 og hafa þau lækkað um 37 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2012 eða um tæplega 9%. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla

um 177,5 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla riflega 84 þúsund krónur og vegna háskólastigs rúmlega 90 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánaþjóðs íslenskra námsmanna, voru um 5,9% útgjaldanna og hækkuðu óverulega milli ára eða um 0,3 prósentustig, eftir verulega lækkun milli áranna 2010 og 2011, þegar þessi liður lækkaði um 1,5 prósentustig milli ára.

*Til fræðslumála í landinu er raðstafað 7,9% af landsframleiðslu, eða 135 milljörðum króna*

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,9% af landsframleiðslu árið 2012 en það samsvarar 135 milljörðum króna og hafa þau lækkað um 0,5 milljarð króna frá fyrra ári, á verðlagi 2012. Um 9,8% útgjaldanna eru fjármögnum af heimilunum og hefur sú hlutdeild aukist síðustu fjögur árin. Fræðsluútgjöldin á föstu verði<sup>1</sup> hafa lækkað verulega síðustu fjögur árin eða um 12,2% en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Frá árinu 1998 hafa þessi útgjöld þó vaxið á föstu verði eða um 33,9% eða 14,3% á mann.

### Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

*Peningalegar eignir hins opinbera minnkuðu um 67 milljarð króna árið 2012*

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.217 milljörðum króna í árslok 2012 eða sem nemur 71,3% af landsframleiðslu. Þær drögust saman um 67 milljarða króna á árinu. Lánveitingar námu 199 milljörðum króna í árslok 2012 og jukust um 22 milljarða króna milli ára. Sjóður og bankainnistiður rýrnuðu hins vegar um 57 milljarða króna á árinu og námu um 512 milljörðum króna í árslok og hlutafjáreign minnkaði um 26 milljarða. Hér er um áætlun út frá greiðslutölum að ræða og geta niðurstöður því breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

*Heildarskuldir hins opinbera voru 2.251 milljarður króna árið 2012*

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.251 milljarði króna í árslok 2012 eða tæplega 131,8% af landsframleiðslu og jukust um 68 milljarða króna á árinu. Hlutfall skulda af landsframleiðslu var 133,8% árið 2011 og hafði þá hækkað á hverju ári frá árinu 2007 er það var 53,3%. Erlendar lántökur drögust saman um 22 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 457 milljörðum króna eða 26,8% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 385 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 8 milljarða króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera hækkuðu verðbréfaskuldir um 60 milljarða króna milli ára og námu 849 milljörðum króna í árslok. Þá jukust viðskiptaskuldir hins opinbera lítillega eða um 2 milljarða og voru í árslok 125 milljarðar króna.

---


<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld eru staðvirk með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

**Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2006–2012**  
*Table 13. The general government financial assets and liabilities 2006–2012*

Sluttfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012 <sup>1</sup>
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	49,6	54,3	76,2	79,9	76,9	78,7	71,3
Skuldir <i>Liabilities</i>	57,5	53,3	102,2	119,8	125,1	133,8	131,8
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	9,7	9,6	20,9	41,7	47,0	48,3	49,7
Lántökur <i>Loans</i>	20,3	18,9	49,5	46,2	46,0	52,4	49,3
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	3,6	5,6	24,9	19,2	21,2	23,1	22,5
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	16,8	13,3	24,6	27,0	24,8	29,3	26,8
Lifeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,4	20,5	25,8	25,3	24,9	25,5	25,5
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	4,1	4,3	6,0	6,6	7,2	7,5	7,3
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-7,9	1,0	-26,0	-39,8	-48,2	-55,1	-60,5

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**  
*Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP*



### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, [www.hagstofa.is/Hagtolar/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera](http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera).

## English summary

In 2012, the financial balance of the general government was 58.5 billion ISK in deficit or 3.4% of GDP, which can be compared with a deficit of 5.6% of GDP for 2011. The reduced deficit in 2012 can be explained by 8% increase in revenue and 2.9% increase in expenditure. The general government total revenue amounted to 43.0% of GDP in 2012, compared with 41.7% in 2011 and 41.3% in 2010. The general government total expenditure amounted to 46.5% of GDP in 2012 compared with 47.3% in 2011 and 51.5% in 2010.

